

DV



SJÓNNARPIÐ

9.30 **Fríðartónleikar frá Berlín.** Bein útsending. Tónleikarnir verða í Schauspielhaus í Austur-Berlín og sjónvarpað beint um víða veröld. Leonard Bernstein stjórnar hljómsveit og kór sem verður skipað tónlistarmönnum frá báðum þýsku ríkjum og þeim þjóðum er hernámu Berlín í stríðslok. Á dagskrá verður niunda sínfónía Beethovens. Sínfóníuhljómsveit útvarpsins í Bæjaralandi leikur, en við hana bættast hljóðfæraleikar úr Filhamóníu New York-borgar, Sínfóníuhljómsveit Lundúna, Parísarhljómsveitinni, Borgarhljómsveitin í Dresden og Sínfóníuhljómsveit Leningradborgar. Söngfólk er úr kór útvarpsins í Bæjaralandi og kórum í Dresden, alls 125 manns. Einsöngvarar: June Anderson, sópran, Waltraud Maier, alt, Klaus König, tenór, og Jan Hendrik Rootering, bassi. (Þessi dagskrárlíður er með fyrirvara um að tenging við gervihnött verði möguleg.)

10.50 **Hlé.**
13.30 **Hamlet.** Uppfærsla breska sjónvarpsins (BBC) á leikriti Shakespeare, einu frægasta verki heimsbókmenntanna. Leikstjóri Rodney Bennett. Aðalhlutverk: Hamlet – Derek Jacobi. Geirbrúður – Claire Bloom. Póloníus – Eric Porter. Kládius – Patrick Stewart. Vafa föður Hamlets – Patrick Allen. Ófelía – Lalla Ward. Hóras – Robert Swann. Þýðandi Dóra Hafsteinsdóttir.

17.05 **Blóð og blek.** Heimildarmynd Sjónvarpsins um Gunnar Gunnarsson skáld, gerð í tilefni af því að á þessu ári eru 100 ár liðin frá fæðingu skáldsins. Handrit og umsjón Matthías Viðar Sæmundsson. Dagskrárgerð Jón Egill Bergþórsson. Áður sýnd 17. júní 1989.

18.00 **Jólastundin okkar.** Þar kennir margra grasa. Krakkarnir dansa í kringum jólatréð og það verður einnig dansað í kringum hann Laufa. Sérstakur jólabragur verður yfir brúðunum hennar Helgu. Umsjón Helga Steffensen. Framhald.

18.55 **Hnotubrjóturinn.** Einn hinn vinsælasti allra sigldra balletta, gerður eftir ævintýri E.T.A. Hoffmann. Tónlist eftir Tsjajkovskí. Stjórnandi Heinz Liesendahl. Tónlistarstjórn Franz Allers. Kóréografía Kurt Jacob. Dansarar m.a.: Melissa Hayden, Patricia McBride, Helga Heinrich, Margot Werner, Edward Villella og Nils Kehlet. Þýðandi Óskar Ingimarsson.

19.55 **Táknmálsfréttir.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.20 **Anna.** 1. þáttur af sex. Þýskur myndaflokkur gerður af þýska, austurríska, svissneska og spænska sjónvarpinu. Leikstjóri Frank Strecker. Höfundur Justus Plau. Aðalhlutverk Silvia Seidel, Patrick Bach, Joao Ramos, Eberhard Feik og Ilse Neubauer. Saga af ungu stúlkunni Önnu sem dreymir um að verða ballettdansmaður en slástast alvarlega í bilshýsi og verður að berjast við nær óyfirliganlega innri og ytri erfiðleika á leið sinni til heilbrigðis og frama. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.

21.15 **Þorlákur helgi.** Þorlákur biskup Þorhallsson er eini Íslendingurinn sem opinberlega hefur verið gerður að dýrlingi. Í þessum heimildarþætti er sagt frá lífi hans og áhrifum. Umsjón Ólafur H. Torfason.

22.10 **Síðasti keisarinn** (The Last Emperor). Hin margverðlaunaða stórmynd frá árinu 1987, gerð af ítölskum, breskum og kínverskum kvikmyndagerðarmönnum. Höfundur og leikstjóri Bernardo Bertolucci. Aðalhlutverk John Lone, Joan Chew, Victor Wong, Peter O'Toole, Jing Ruocheng og Dennis Dun. Rákin er saga síðasta keisara Kína, Pú Jí, Hann var tekinn frá heimili sínu aðeins þriggja ára og gerður að keisara. Fylgst er með sérstæðri ævi hans eins og hún kom breskum kennara hans fyrir sjónir. Myndin hlaut 9 óskarsverðlaun, auk fjölda annarra viðurkenninga. Þýðandi Páll Heiðar Jónsson.

0.50 **Dagskrárlök.**



12.30 **1001 kaninunótt.** Kalli kanína og vinur hans taka þátt í keppni sem felur það í sér að keppast um hver geti selt sem flestar bækur fyrir ákveðið útgáfufyrirtæki.

13.40 **Ópera mánaðarins: Don Giovanni.** Don Giovanni segir frá samnefndu kvennagulli sem leikur á ástæður sínar grátt. Flytjendur: Ruggero Raimondi, John Macurdy, Edda Moser, Kiri Te Kanawa, Kenneth Riegel, Jose van Dam, Teresa Berganza og Malcolm King ásamt hljómsveit

og kór óperunnar í París. Stjórnandi: Lorin Maazel.

16.45 **Kraftaverkið í 34. stræti.** Miracle on 34th Street. Sannkölluð jólamynd í gamansömum dæði. Aðalhlutverk: Maureen O'Hara, John Payne, Edmund Gwenn, Gene Lockhart og Natalie Wood.

18.20 **Mahabharata í árdaga.** Hin mikla saga mannkyns eða Mahabharata eins og það heitir á sanskrit er stærsta bókmenntaverk sem til er í heiminum. Fyrsti þáttur af sex. Leikstjóri: Peter Brook.

19.19 **Hátíðarfréttir.**

19.45 **Jóalandsleikur – Bæirnir bitast.** Þessi þáttur er sérstaklega helgaður jólinum. Margt verður til gagnans gert. Umsjón: Ómar Ragnarsson.

20.45 **Áfangar. Skálholt.** Skálholt er án efa einn merkasti sögustaður landsins næst á eftir Þingvöllum og saga Skálholts er samofin íslenskri kirkjusögu. Umsjón: Björn G. Björnsson.

21.00 **Aldarminning. Þórbergur Þórarson.** Hann var án efa einn sérkennilegasti og áhrifamesti rit höfundur þessarar aldar. Í þessum þætti verður fjallað um framlag baráttuskáldsins með barnshjartað til íslenskra bókmennta fyrr og nú. Umsjón: Jón Ottar Ragnarsson.

21.40 **Gandhi.** Myndin greinir frá viðburðaríku lífi og starfi Mahatmas K. Gandhi sem hóf sig upp úr óbreyttu lögræðingsstarfi og varð þjóðarleiðtogi og boðberi friðar og sáttu um heim allan. Aðalhlutverk: Ben Kingsley, Candice Bergen, Edward Fox, John Mills, John Gielgud, Trevor Howard og Martin Sheen. Leikstjóri: Richard Attenborough.

0.40 **Fjör á framabrot.** The Secret of My Success. Michael J. Fox leikur hér ungan framagosa sem kemur til New York til að slá í gegn í viðskiptaheiminum. Aðalhlutverk: Michael J. Fox, Helen Slater, Richard Jordan, Margaret Whitton og Christopher Murney.

2.30 **Dagskrárlök.**



Rás 1
FM
92,4/93,5

8.00 **Klukknaðringing.** Litla lúðrasveitin leikur jólaög.

8.15 **Veðurfregnir.**

8.20 **Morgunstarjarnan.** Íslensk tónlist.

10.00 **Fréttir.**

10.10 **Veðurfregnir.**

10.25 **Jólin mín.** Sigrún Björnsdóttir ræðir við Guðmundu Elíasdóttur söngkonu. (Einnig útvarpað á miðvikudagskvöld kl. 21.00.)

11.00 **Messa í Árbæjarkirkju.** Prestur: séra Guðmundur Þorsteins-son.

12.10 **Litið yfir dagskrá jóladags.**

12.20 **Hádegisfréttir.**

12.45 **Veðurfregnir.**

12.48 **Helg eru jól.** Jólaög í útsetningu Árna Björnssonar. Sínfóníuhljómsveit Íslands leikur, Páll P. Pálsson stjórnar.

13.00 **Jólafundur fjölskyldunnar.** Jólasamkoma í Útvarpshúsinu sem allar deildir þess standa á. Meðal efni: ● Guðrún Stephensen les kafla úr Fjallkirkjunni eftir Gunnar Gunnarsson. ● Ármann Kr. Einarsson rifjar upp jólaminningar. ● Þegar húsálfarnir fóru í fri, leikrit eftir Karl Erik Johansen þýðandi: Hulda Valtýsdóttir. Leikstjóri: Helgi Skúlason. (Frumflutt útvarpi í desember 1962.) ● Skólakór Garðabæjar syngur jólaög undir stjórn Guðfinnu Dóru Ólafsdóttur og básúnukvartett, skipaður Oddi Björnsyni, Edvard Frederiksen, Sigurði Þorbergssyni og Óssuri Geirssyni leikur. Kynnir: Sigurlaug M. Jónasdóttir.

14.30 **Eitt sinn lífið ég guðanna sæld.** Dagskrá um þýska skáldið Friedrich Hölderlin. Kristján Arnason tók saman. Lesari: Hákon Leifsson. Helgi Hálfðanarson flytur óprentaðar ljóðabýðingar sínar.

15.20 **Þættir úr Hnotubrjótnum eftir Pjotr Tsjakovskí.** Sínfóníuhljómsveit Íslands leikur; Petri Sakari stjórnar. Sögumaður Benedikt Arnason.

16.15 **Veðurfregnir.**

16.20 **Tilbrigði fyrir orgel eftir Sigurð Þórðarson um íslenska sálmalagið Greinir Jesú um græna tréð.** Haukur Guðlaugsson leikur á orgel Kristskirkju í Landakoti.

16.30 **Dagskrárstjóri í klukkustund.** Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason.

17.30 **Klarinettkonsert í A-dúr K622 eftir Wolfgang Amadeus Mozart.** Einar Jóhannesson leikur með Sínfóníuhljómsveit Íslands; Jean-Pierre Jacquillat stjórnar.

18.00 **Fífukveikur,** smásaga eftir Guðmund Fríðjónsson. Þorsteinn Ó. Stephensen les. (Úr segulbandasafni Útvarpsins.)

18.25 **Sónata nr. 31.** í As-dúr op. 110 eftir Ludwig van Beethoven. Gisli Magnússon leikur á pianó.

18.45 **Veðurfregnir.** Dagskrá kvöldsins.

19.00 **Kvöldfréttir.**

19.20 **Nóttin helga,** jólaórtoria eftir Hilding Rosenberg við ljóð Hjalmar Gullbergs. Sigurbjörn Einarsson les þýðingu sína á ljóðaflóknum á undan.

20.00 **Íslenskir einleikarar.**

21.00 **Á jólinum er gleði og gaman.** Umsjón: Arndís Þorvaldsdóttir. (Frá Egilsstöðum) (Einnig útvarpað kl. 15.03 miðvikudag.)

22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.

22.15 **Veðurfregnir.**

22.20 **Kammersveit Reykjavíkur og íslenska hljómsveitin.**

23.00 **Jólaguðspjöllin.** Illugi Jökullson sér um þáttinn.

24.00 **Fréttir.**

0.10 **Jólastund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.

1.00 **Veðurfregnir.**

1.10 **Næturútlarp á báðum rásum til morguns.**



9.00 **Gul jól.** Jóladagsmorgunn í augum barns. Umsjón: Þorgeir Ólafsson.

11.00 **Með sænskum lúsum.** Jakob S. Jónsson segir frá sænskum jólinum og leikur sænsk jólaög.

12.20 **Hádegisfréttir.**

12.45 **Jólablanda** Sverris Páls Erlends-sonar. (Frá Akureyri)

14.00 **Jólabókin.** Starfsmenn Dægurmálaútvarps blaða í jólabókunum og ræða við höfunda þeirra.

17.00 **Í jólabóðinu** með Áslaugu Dóru Eyjólfsdóttur sem leikur jólaög.

19.00 **Kvöldfréttir.**

19.20 **Sjómanna jól.** Gyða Dröfn Tryggvadóttir ræðir við unga og aldna sjómenn um jólin heima og heiman. Fyrri þáttur.

20.20 **Útlarp unga fólksins.** Sagt verður frá framandi jólahaldi, leikin jólaög og lesin jólasaga. Umsjón: Sigríður Arnardóttir.

22.07 **Hvítar nótur.** Jóladjass í umsjón Péturs Grétarssonar. (Úrvali útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 5.00.)

0.10 **Í háttinn.**

1.00 **Næturútlarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

1.00 **Heims um ból.** Rikharður Örn Pálsson leikur jólaög frá ýmsum tímum og ýmsum stöðum. (Endurtekinn þáttur frá aðfangadagskvöldi.)

2.00 **Fréttir.**

2.05 **Jólatónlist.**

3.00 **Sjómanna jól.** Gyða Dröfn Tryggvadóttir ræðir við unga og aldna sjómenn um jólin heima og heiman. Fyrri þáttur. (Endurtekinn frá liðnu köldi.)

4.00 **Fréttir.**

4.05 **Jólatónlist.**

4.30 **Veðurfregnir.**

4.40 **Jólatónlist.**

5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.

5.01 **Jólatónlist.**

6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.

6.01 **Áfram íslensk jól.** Íslenskir tónlistarmenn flytja jólaög.



10.00 **Jólaög og hátíðarblær** yfir borg og bý. Freymjóður T. Sigurðsson.

14.00 **Harry og Heimir.** Leikritið **Með öðrum morðum** endurflutt á Bylgjunni. Sakamálaeikrit í léttari kantinum. Vegna fjölda áskorana hefur verið ákveðið að leyfa hlustendum að vera með og leysa spennandi gátur.

14.30 **Jóla- og hátíðardagskrá.**

15.00 **Ómar Valdimarsson og 68 kynslóðin.** Tekið á móti gestum í hljóðstofu í anda jólaanna. Góðir gestir og áhugavert spjall.

18.00 **Jólahátíðardagskrá Bylgjunnar.** Tónlist í fallegri kantinum. Gleðileg jól.



8.00 **Gleðileg jól.** Ökynnt hátíðartónlist á Stjórnumni. Jólaþveður þekktra Íslendinga.

20.00 **Darri Ólason.** Allt í röglegheitum á Stjórnumni. Darri leikur óskalogin þín og athugar hvað fólk fékk í jólagjöf.

1.00 **Gleðileg jól.** Ökynnt hátíðartónlist á Stjórnumni. Jólaþveður þekktra Íslendinga.



7.00 **Arnar Bjarnason.** Morgunhaninn á F.M. býður fyrirtækjum upp á brauð og kökur með kaffinu.

Mánudagur 25. desember

Sjónvarp kl. 17.05:

Blóð og blek



Sjónvarpið sýnir heimildarmynd um Gunnar Gunnarsson rithöfund.

Á þessu ári eru liðin eitt hundrað ár frá fæðingu rithöfundarinnar Gunnars Gunnarssonar, eins af stórbrotustu bókmenntafrömuðum er Ísland hefur alið á síðari tímum. Af þessu tilefni lét Sjónvarpið gera mynd um Gunnar, æviferil og störf, og verður hún nú endursýnd.

Umsjón og handrit myndarinnar er verk Matthíasar Viðars Sæmundssonar bókmenntafræðings. Í myndinni fylgir Matthías í spor Gunnars er lágu frá torfbæjum á Austurlandi 19. aldar til Danmerkur og Þýskalands. Aftur til áttahaganna í Fljótsdal og loks til höfuðstaðarinnar þar sem Gunnar sat á fríðarstóli fram í háa elli. Fjallað er um verk Gunnars og rætt við Thor Vilhjálmsson, Einar Má Guðmundsson, Guðberg Bergsson og sonardóttur Gunnars, Franziscu Gunnarsdóttur.

Bylgjan kl. 15.00:


Elskið friðinn...

Ómar Valdimarsson verður gestgjafi á Bylgjunni í þrjár klukkustundir á jóladag. Gestir hans verða Björgvin Halldórsson, Baldvin Jónsson, Birna Þórðardóttir, Sveinn Rúnar Hauksson, Jónas R. Jónsson, Leifur Hauksson, Guðni Guðmundsson og Egill Ólafsson. Ómar ætlar að ræða dægurmál, eilífðarmál, stjórnmál og tónlist. Fortíðin verður metin og spáð í framtíðina.

Gestir Ómars upplifðu umrót 7. áratugarins og ber það örugglega á góma.

Tónlist þess tíma verður áberandi í þessari dagskrá Ómars Valdimarssonar.

-JJ



Ómar Valdimarsson tekur á móti gestum á Bylgjunni á jóladag.

Stöð 2 kl. 13.40:

Don Giovanni

Ópera mánaðarinn verður að þessu sinni Don Giovanni eftir Mozart. Söguþráðurinn er í stuttu máli sá að Don Giovanni hefur reynt að tálðraga Donna Önnu. Dulþúinn kemur hann á heimili hennar og Anna reynir að fella grímuna af honum en tekst ekki. Faðir hennar kemur þar að og særir Don Giovanni hann banasári. Anna og heitmaður hennar sverja að hefna sín á morðingjanum.

Um síðir bera þau kennsl á föðurmorðingjann og ásaka hann fyrir morðið en hann sleppur. Hann er nú að gera hosur sínar grænar fyrir þærnu fyrrum ástkonu sinnar. Að lokum eru örlög hans ráðin þegar hann býður stytta af höfuðsmanninum til kvöldverðar og hún þekkist boðið.

-JJ

Rás 1 kl. 13.00:

Fjölskyldujól

Í dag hefst fjölskyldujól á rás 1. Að þættinum standa allar deildir útvarpsins Útvarpsins og meðal fjölbreytilegs efni er lestur Guðrúnar P. Stephensen úr Fjallkirkjunni eftir Gunnar Gunnarsson. Ármann Kr. Einarsson rithöfundur mun síðan ríffa upp sínar jólaminningar.

Í leikritinu Þegar húsálfarnir fóru í fri segir frá aðfangadegi jóla þegar góðu húsálfarnir biða eftir því að amman setji jólagrautinn upp á loftið til þeirra. Þegar þeir komast að því að hús-móðirin hefur tekið grautinn burtu ákveða þeir að fara í fri og skipta sér ekki af því þótt vondu húsálfarnir setji allt á annan endann.

Í þættinum skipar tónlistin sinn sess. Skólakór Garðabæjar syngur nokkur jólaög, meðal annarra Jól í borg og bæ, Þrá ljósanna hásal, Ó, Jesúbarn blítt og Jólanótt. Þá mun básúnukvartett leika tríó frá renessanstímanum og jólaög í léttari útsendingu.

Kynnir í þættinum er Sigurlaug M. Jónasdóttir.

-JJ



Sigurlaug M. Jónasdóttir kynnir Fjölskyldujól á jóladag.